Nr. 768 26. ágúst 2013

# REGLUGERÐ

**um (2.) breytingu á reglugerð nr. 662/2013 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2013/2014 (blálanga, litli karfi og gulllax).**

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðist svo:

Leyfilegur heildarafli í óslægðum botnfiski, íslenskri sumargotssíld og humri er sem hér segir:

| **Tegund/Lestir** | A | B | C | D | E | F | G | H | I | J |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Þorskur** | | | | | | | | | | |
| Til úthlutunar | 214.400 | 777 | 2.914 | 1.764 | 3.921 | 157 | 758 | | 10.291 | **204.109** |
| 4,8% sbr. 3. mgr. 8. gr. úr öðrum tegundum | | 709 | 2.660 | 1.611 | 3.579 | 143 | 692 | 1.348 | 10.742 | |
| Samtals þorskur | | 1.486 | 5.574 | 3.375 | 7.500 | 300 | 1.450 | 1.348 | 21.033 | |
| | | | | | | | | | | |
| **2. Ýsa** | | | | | | | | | | |
| Til úthlutunar | 38.000 | 116 | 508 | 1.079 | | | 121 | | 1.824 | **36.176** |
| 4,8% sbr. 3. mgr. 8. gr. úr öðrum tegundum | | 110 | 480 | 1.021 | | | 115 | 822 | 2.548 | |
| Samtals ýsa | | 226 | 988 | 2.100 | | | 236 | 822 | 4.372 | |
| | | | | | | | | | | |
| **3. Ufsi** | | | | | | | | | | |
| Til úthlutunar | 57.000 | 367 | 1.103 | 0 | 818 | 0 | 448 | | 2.736 | **54.264** |
| 4,8% sbr. 3. mgr. 8. gr. úr öðrum tegundum | | 126 | 379 | 0 | 282 | 0 | 154 | 0 | 941 | |
| Samtals ufsi | | 493 | 1.482 | | 1.100 | | 602 | 0 | 3.677 | |
| | | | | | | | | | | |
| **4. Steinbítur** | | | | | | | | | | |
| Til úthlutunar | 7.500 | 15 | 59 | 271 | 0 | 0 | 15 | | 360 | **7.140** |
| 4,8% sbr. 3. mgr. 8. gr. úr öðrum tegundum | | 35 | 136 | 629 | 0 | 0 | 35 | 45 | 880 | |
| Samtals steinbítur | | 50 | 195 | 900 | | | 50 | 45 | 1.240 | |
| | | | | | | | | | | |
| **5.1 Gullkarfi** | 52.000 | | | | | | | | 2.496 | **49.504** |
| **5.2 Djúpkarfi** | 10.000 | | | | | | | | 480 | **9.520** |
| **6. Grálúða** | 12.480 | | | | | | | | 599 | **11.881** |
| **7. Sandkoli** | 500 | | | | | | | | 24 | **476** |
| **8. Skrápflúra** | 200 | | | | | | | | 10 | **190** |
| **9. Skarkoli** | 6.500 | | | | | | | | 312 | **6.188** |
| **10. Þykkvalúra** | 1.600 | | | | | | | | 77 | **1.523** |
| **11. Langlúra** | 1.100 | | | | | | | | 53 | **1.047** |
| **12. Keila** | 5.900 | | | | | | | | 283 | **5.617** |
| **13. Langa** | 13.500 | | | | | | | | 648 | **12.852** |
| **14. Skötuselur** | 1.500 | | | | | | | | 72 | **1.428** |
| **15. Humar** | 1.750 | | | | | | | | 84 | **1.666** |
| **16. Íslensk sumargotssíld** | 81.500 | | | | | | | | 3.912 | **77.588** |
| **17. Blálanga** | 2.400 | | | | | | | | 115 | **2.285** |

| Tegund/Lestir | A | B | C | D | E | F | G | H | I | J |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **18. Litli karfi** | 1.500 | | | | | | | | 72 | **1.428** |
| **19. Gulllax** | 8.000 | | | | | | | | 384 | **7.616** |

Skýringar á töflu:

A. Leyfilegur heildarafli.
B. Til uppbótar skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006 (skel- og rækjubætur).
C. Til ráðstöfunar skv. 2. tl. 1. mgr. 10. gr. og ákv. til brb. IX í lögum nr. 116/2006 (til stuðnings byggðarlögum).
D. Til línuívilnunar skv. 8. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006.
E. Til strandveiða skv. 6. gr. a og ákv. til brb. IX í lögum nr. 116/2006.
F. Til frístundaveiða skv. 5. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006.
G. Byggðakvóti Byggðastofnunar skv. ákv. til brb. XIII í lögum nr. 116/2006.
H. Flutt milli fiskveiðiára skv. 3. ml. 6. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006.
I. Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (4,8%).
J. Fiskistofa úthlutar á grundvelli aflahlutdeildar.

2. gr.

Á eftir orðinu „gullkarfa“ í 2. mgr. 2. gr. kemur: litla karfa, gulllaxi.

3. gr.

Á eftir orðinu „keilu“ í 1. mgr., 8. gr. kemur: blálöngu, litla karfa.

4. gr.

Svofelldar breytingar verða á 9. gr.:

a. Á eftir orðinu „löngu“ í 1. mgr. kemur: og blálöngu.
b. Á eftir orðinu „löngu“ í 2. mgr. kemur: og blálöngu.
c. Í stað orðsins „karfi“ í 6. mgr. 9. gr. koma orðin: gull- og djúpkarfi.

5. gr.

14. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Um þorskígildisstuðla fer skv. reglugerð um þorskígildisstuðla samkvæmt 19. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, fiskveiðiárið 2013/2014.

6. gr.

Við reglugerðina kemur ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fyrir upphaf fiskveiðiársins 2013/2014, skal fiskiskipum, sem aflareynslu hafa í blálöngu, gulllaxi og litla karfa, innan íslenskrar fiskveiðilögsögu, á fiskveiðitímabilinu 16. ágúst 2010 til 15. ágúst 2013, úthlutað aflahlutdeild í þessum tegundum á grundvelli veiðireynslu þeirra, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um stjórn fiskveiða. Fyrirmæli 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna gilda við úthlutunina.

Við útreikning á aflahlutdeild hvers fiskiskips, skal eingöngu leggja til grundvallar aflaupplýsingar samkvæmt aflaupplýsingakerfi Fiskistofu (GAFL) og hlutfall heildarafla í blálöngu, gulllaxi og litla karfa, sem einstök skip hafa veitt á þessu viðmiðunartímabili.

Á grundvelli áætlaðrar aflahlutdeildar skal fiskiskipum úthlutað bráðabirgðaaflamarki í blálöngu, gulllaxi og litla karfa fyrir fiskveiðiárið 2013/2014, sem samtals nemur 80% af úthlutuðu aflamarki, sbr. j. lið í töflu í 1. gr. Jafnframt skulu útgerðum skipanna kynntar forsendur úthlutunarinnar og skulu þær hafa frest til 1. október 2013 til að koma athugasemdum á framfæri við Fiskistofu vegna hennar. Fiskistofa skal eigi síðar en 1. nóvember 2013 senda útgerðum skipanna tilkynningar um endanlega aflahlutdeild skipa þeirra í blálöngu, gulllaxi og litla karfa og endanlegt aflamark þeirra á fiskveiðiárinu 2013/2014.

Frestur til að framkvæma skipti á aflaheimildum skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2013/2014 er í viku eftir að birt hefur verið ákvörðun Fiskistofu skv. 3. mgr.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi en kemur til framkvæmdar 1. september 2013.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 26. ágúst 2013.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Arnór Snæbjörnsson.*